

Umhverfisnefnd Alþingis  
150 Reykjavík

Grund, 16. maí 2008

Skorradalshreppur óskar að koma á framfæri eftirfarandi athugasemd vegna

frumvarps til skipulagslaga, á þingskjali nr. 616, mál nr. 374:

Við 2. mgr. 12. gr. IV kafla, þar sem kveðið er á um stefnu varðandi landnotkun og byggðapróun, á eftir orðunum „vatnsvernd, samgöngur“ komi „eldvarnir í skóglendi“ á undan orðunum „o.fl.“

Málgreinin hljóðar þá svona:

Í skipulagsáætlunum er mörkuð stefna um landnotkun og byggðapróun. Þar eru sett fram stefnumið um einstaka þætti varðandi íbúðarbyggð, frístundabyggð, atvinnusvæði, náttúruvernd, vatnsvernd, samgöngur, eldvarnir í skóglendi o.fl., í samræmi við markmið laga þessara.



Greinargerð:

Árið 2007 var haldið upp á 100 ára afmæli skógræktar á Íslandi, en á undanföllum tveimur áratugum hefur skógrækt aukist á landsvísu, einkum í kjölfar laga um landshlutaverkefni í skógrækt þar sem segir að í „hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglendis neðan 400 m yfir sjávarmáli“ (lög 95/2006). Þá eru þjóðskógar á vegum Skógræktar ríkisins víða að vaxa upp.

Við aukna skógrækt hafa skapast nýjar aðstæður varðandi eldhættu. Nauðsynlegt er að huga að þessari vá með því að gera ráð fyrir eldvörnum í skóglendi sem hluta skipulagsáætlana, enda er það meðal markmiða skv. 1. gr. frv. að löggin skuli stuðla að því að „þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi“.

Samkvæmt upplýsingum frá Almennavörnum (áhættugreining) er litið svo á að skógareldar falli undir „náttúruvá“. Það er því orðið tímabært að litið sé til þessa áhættuþáttar við áætlanagerð, bæði í væntanlegri/væntanlegum landsáætlun(um) sem eru nýmæli í frumvarpinu og í skipulagsáætlunum sveitarfélaga, sem og í landshlutaáætlunum um skógrækt, í þjóðskógum landsins og e.t.v. víðar.

Virðingarfyllst,

  
Davíð Pétursson, Oddviti  


SKORRADALSHREPPUR

Grund, Skorradal  
311 Borgarnesi

Sími: 4370005, fax: 4370155  
Netfang: grund@simnet.is